

Birtist á Deiglan.com, 3. apríl 2004.

NY Yankees vs. Boston Red Sox

Jón Steinnsson

Knattspyrna er ef til vill vinsælasta íþrótt í heimi. En í Bandaríkjunum er það hafnarbolti sem ber höfuð og herðar yfir aðrar íþróttir. Íslendingar eiga margir hverjir erfitt með að skilja vinsældir hafnarbolta vestanhafs. Menn býsnast yfir því hvað þessi íþrótt, ef íþrótt mætti kalla, sé leiðinleg þar sem það gerist ekkert tímunum saman. Ég verð að viðurkenna að þeir sem tala þannig hljóma í mín eyru eins og kellingar sem tala um hvað knattspyrna sé leiðinleg þar sem það eru bara skorud nokkur mörk í heilum leik og þess á milli gerist ekkert. Slíkt tal lýsir vitaskuld afskaplega takmörkuðum skilningi á því sem talað er um.

Nú um helgina hefst hafnarboltatímabilið hér í Bandaríkjunum. Mikið vatn hefur runnið til sjávar í hafnarboltaheiminum síðan í október þegar NY Yankees unnu Boston Red Sox í annarri aukalotu oddaleiks undanúrslitanna en töpuðu síðan Heimsseríunni (e. World Series) fyrir spútnikliði Flórida Marlins.

Red Sox hafa fengið til liðs við sig tvo öfluga kastara á meðan Yankees hafa nælt í einn skæðasta sóknarmann deildarinnar, Alex Rodriguez. Eftir þessar mannabreytingar eru flestir á einu máli um að Red Sox of Yankees verði með yfirburðalið á þessari leiktíð.

Gríðarlegur rígur er milli þessara tveggja liða sem á sér langa sögu. Eins og flestum er kunnugt hefur Yankees verið langsigursælasta hafnarboltalið Bandaríkjanna. Liðið hefur unnið Heimsseríuna 26 sinnum, síðast árið 2000. Boston Red Sox hafa hins vegar ekki unnið titil síðan 1918.

Það ár vann Boston með Babe Ruth sem sinn aðalkastara. Boston gerði síðan verstu mistök íþróttasögunnar þegar liðið seldi Babe Ruth til New York. New York fékk Ruth til þess að hætta að kasta og einbeita sér að sóknarleiknum. Kaup New York á Babe Ruth marka upphafið að gullaldarskeiði liðsins. Í Boston tala menn hins vegar um söluna á Babe Ruth sem “The Curse of the Bambino”.

Eins og gefur að skilja eru áhangendur Boston orðnir langeygir eftir titli. Mikil eftirvænting ríkir hins vegar í borginni um þessar mundir þar sem liðið er sterkara en það hefur verið í mörg ár. Á síðasta ári var Boston með besta sóknarliðið í deildinni. Liðið hafði hins vegar ekki nægilega breiðan hóp af góðum kösturum. Nú hefur verið bætt úr því. Eins og fyrr segir hafa tveir mjög sterkir kastarar bæst í hópinn hjá Boston. Á pappírnum er liðið því nú með besta hóp kastara í deildinni. En þótt eftirvæntingin sé mikil þá hafa áhangendur Red Sox löngu lært að tempra vonir sínar. Þeir hafa beðið í 85 ár eftir titli. Gengi liðsins á undanförunum árum bendir til þess að sú bið gæti fljótlega verið á enda. En þeir bíða rólegir þangað til